

REGLUGERÐ FYRIR ÍSLANDSMÓT ELDRI SPILARA Í TVÍMENNINGI

1. Þátttökurétt hafa allir spilarar sem eru 60 ára og eldri og allir spilarar sem eru 50 ára og eldri ef parið sem þeir spila í er minnst 110 ára til samans.
2. Spilaður er Monrad, 4 spil milli para, 13 umferðir. Gefnar eru 30 mínútur á umferð. Þör sem ítrekað fylgja ekki settum tímamörkum verða sektuð, að undangenginni aðvörun frá keppnisstjóra og skal sektin vera a.m.k. 10% af toppskori spils.
3. Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils
4. Öll þör skulu framvísa kerfiskorti. Notkun PASS-KERFA er bönnuð. Nota skal viðvörunarregluna (ALERT) samkvæmt reglugerð BSÍ.
5. Nota skal **STOP** viðvörunina þegar stokkið er yfir sagnstig.
6. Allt tal um spilin í spilasal er bannað og komi fram kvörtun vegna brots á þessari reglu er viðkomandi sektaður án aðvörunar um 10% af toppskori spils.
7. Allar áfrýjanir á úrskurði keppnisstjóra skulu vera skriflegar og berast keppnisstjóra innan 15. mín frá lokum hvernar umferðar. Tryggingarfé, að upphæð kr. 8.000 skal fylgja hverri áfrýjun. Líti dómnefnd svo á að áfrýjun hafi verið eðlileg, verður tryggingarfénu skilað.
8. Ef tvö eða fleiri þör verða jöfn í sömu sætum úrskurðast röð samkvæmt keppnisreglugerð BSÍ.
9. Sigurvegarar að loknum öllum umferðunum, hlýtur titilinn.

ÍSLANDSMEISTARAR ELDRI SPILARA Í TVÍMENNINGI.

10. Öll ölvun í keppni varðar brottvísun úr mótinu og keppnisbanni.
11. Tóbaksnotkun í keppnissölum eru bönnuð.
12. Notkun farsíma í keppnissölum er bönnuð
13. Spilað er að öllu leyti eftir alþjóðalögum í bridge.

KEPPNISSTJÓRI: Er skipaður af stjórn BSÍ

DÓMNEFND: Er skipuð af stjórn BSÍ